

L Ö G

um nýbyggingagjald.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Leggja skal sérstakt gjald, nýbyggingagjald, á öll mannvirki sem meta skal fasteignamati samkvæmt lögum nr. 94 20. maí 1976 um skráningu og mat fasteigna og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim lögum.

2. gr.

Íbúðarhúsnæði er undanþegið gjaldskyldu samkvæmt lögum þessum. Heimilt er ráðherra að undanþiggja ákveðnar tegundir mannvirkja gjaldskyldu.

3. gr.

Gjaldstofn nýbyggingagjalds skal vera áætlaður byggingarkostnaður mannvirkis og skal gjaldið vera 2% af gjaldstofni.

Skal byggingarkostnaður í þessu sambandi miðast við rúmmetratölu mannvirkis og áætlaðan byggingarkostnað á þeim tíma, er sú áætlun fer fram. Skal Hagstofa Íslands gefa út skrá um áætlaðan byggingarkostnað á rúmmetra í hinum ýmsu tegundum mannvirkja og skal gjaldstofn miðaður við þá áætlun. Skrár þessar skulu gefnar út í desembermánuði og júnímánuði ár hvert og skal gjaldtaka miðuð við þær næstu sex mánuði miðað við 1. janúar og 1. júlí ár hvert.

Heimilt er að ákveða með reglugerð að skrár Hagstofu Íslands skv. 2. mgr. skuli ekki taka til ákveðinna tegunda mannvirkja, heldur skuli byggingarkostnaður þeirra áætlaður af Fasteignamati ríkisins samkvæmt ákvæðum 2. mgr.

Sé einstakt mannvirki svo sérstætt að mati innheimtumanns að byggingarkostnaður verði ekki miðaður við meðaltalsreglur, er greinir í 2. og 3. mgr. þessarar greinar, skal Fasteignamat ríkisins áætla byggingarkostnað þess og skal þá gjaldið miðað við þá áætlun.

4. gr.

Eindagi nýbyggingagjalds miðast við útgáfu byggingarleyfis eða upphaf byggingarframkvæmda sé mannvirki ekki háð byggingarleyfi.

5. gr.

Gjald samkvæmt lögum þessum skal lagt á og innheimt af innheimtumönnum ríkissjóðs, í Reykjavík tollstjóra. Skal þeim er hyggjast stofna til framkvæmda við gjaldskyld mannvirki skylt að láta innheimtumanni í té upplýsingar um rúmmetratölu fyrirhugaðs mannvirkis, teikningar af því og aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar kunna að vera til ákvörðunar gjaldsins.

6. gr.

Taka má gjald samkvæmt lögum þessum lögtaki hjá byggingarleyfishafa eða eiganda mannvirkis. Nýbyggingagjaldinu fylgir lögveð í mannvirki því sem gjaldið er á lagt og skal ásamt dráttarvöxtum og innheimtukostnaði ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum er á eigninni hvíla. Ef mannvirkið eyðileggst eftir að gjaldið er fallið í eindaga er sami lögveðréttur fyrir því í tryggingafjárhæðum þess.

Sveitarstjórn er óheimilt að gefa út byggingarleyfi fyrir mannvirkjum, sem gjaldskyld eru samkvæmt lögum þessum, nema fyrir liggi sönnun þess að gjaldið hafi verið greitt að fullu. Sé þessa ekki gætt er sveitarstjórn ábyrg fyrir greiðslu gjalds af viðkomandi eign og getur innheimtumaður ríkissjóðs gengið beint að sveitarstjórn við innheimtu þess.

Sé gjald samkvæmt lögum þessum eigi greitt innan mánaðar frá eindaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem ógreitt er, talið frá og með eindaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, shr. 13. gr. laga nr. 10 29. mars 1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Dráttarvextir reiknast með sama hætti og hjá innlánsstofnunum.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum skulu varða sektum allt að 7 000 000 kr., sem renna í ríkissjóð, nema þyngri refsing liggi við í öðrum lögum. Um meðferð slíkra mála skal fara að hætti opinberra mála.

8. gr.

Ráðherra skal með reglugerð kveða á um nánari framkvæmd laga þessara.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 15. janúar 1979.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1979 skal Hagstofa Íslands birta skrá skv. 2. mgr. 3. gr. fyrir 15. janúar.

Gjört að Bessastöðum 30. desember 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Tómas Árnason.

L Ö G

um breytingu á lögum nr. 41 18. maí 1978, um Iðntæknistofnun Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „1978“ í ákvæði til bráðabirgða kemur: 1979.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 30. desember 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Hjörleifur Guttormsson.